

Sp.

292. Tillaga til þingsályktunar

um viðgerðarstöð talstöðva, útvarpsviðtækja og símaáhalda á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir stjórnendur landssímans og ríkisútvarpsins, að komið verði upp fyrir næsta haust viðgerðarstöðvum talstöðva, útvarpsviðtækja og símaáhalda á Ísafirði fyrir Vestfirði og í Neskaupstað eða á Hornafirði fyrir Austfirði.

Greinargerð.

Á vélbátaflotanum á Vestfjörðum og Austfjörðum er mikill fjöldi talstöðva. Í þessum landshlutum eru einnig komnar allmargar talstöðvar á afskekktu sveitabæi. Landssíminn er eigandi talstöðvanna og tekur fyrir þær árlega leigu. Hann einn hefur því rétt og skyldu til að sjá um viðgerðir og viðhald þessara tækja. Viðgerðarverkstæði eru nú aðeins í Reykjavík og á Akureyri, og er það því mjög miklum erfiðleikum bundið austan lands og vestan að fá gert við talstöðvar og önnur slík tæki, fyrr en seint og síðar meir.

Talstöðvarnar eru af sjómönnum taldar beztu öryggistækin, sem enn þá hafa verið tekin í notkun hér á landi. Þýðing þeirra fyrir afskekktar byggðir er og ómellanleg, og útvarp og sími eru orðin svo þýðingarmikill þáttur í daglegu lífi fólksins, að við það verður ekki unað, ef ekki er allt, sem unnt er, til þess gert að auðvelda öruggt viðhald þessara dýrmætu tækja.

Að vísu hefur lengi starfað á Ísafirði ágætur símaviðgerðarmaður, en hann er illa búinn að tækjum og kemst auðvitað ekki yfir nema lítið eitt af því, sem að kallar, af viðgerðum talstöðva og símatækja. Hins vegar er viðgerðarmaður útvarpsviðtækja venjulega sendur um Vestfirði einu sinni á ári. Þess á milli verður að senda öll viðtæki, sem bíla, til Reykjavíkur með ærnum kostnaði og vera þannig án þeirra svona mánaðartíma, þegar ferðir eru með hagkvæmasta móti, en stundum miklu lengur. Hitt er þó alvarlegast, að þótt ein eða tvær talstöðvar séu jafnan hafðar til vara á Ísafirði, kemur það iðulega fyrir, að bátar verða að sælta sig við að vera lengri eða skemmri tíma með bílaða talstöð eða bíða þess, að hún komi aftur úr viðgerð frá Reykjavík.

Líkt þessu mun ástandið vera í þessum málum austan lands. Er þess skemmst að minnast, er vélbáturinn Björg hraktist dögum saman um hafið með bílaða talstöð, sem ekki hafði fengizt gert við í hálfan mánuð. Gat báturinn með engu móti náð sambandi við flugvélar þær og skip, sem voru að leita hans. Munaði þar minnstu, að fjórir vaskir Íslendingar gistu hina votu gröf vegna þess, hvernig ástalt er í þessum málum.

Nei, svo búið má ekki lengur standa. Viðgerðarstöð þarf að koma á Ísafirði fyrir Vestfirði og í Neskaupstað eða á Hornafirði fyrir Austfirði, og virðist eðlilegast, að landssíminn og ríkisútvarpið reki þessar stofnanir, eins og hér er lagt til.